

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjaness miðvikudaginn 8. nóvember 2017 í máli nr. S-104/2017:

Ákærvaldið

(Halldór Rósmundur Guðjónsson saksóknarfulltrúi)

gegn

Kristjáni Shackelford

(Úlfar Guðmundsson hdl)

Kristófer Fannari Axelssyni

(Ómar R. Valdimarsson hdl.)

X

(Magnús Davíð Norðdahl hdl.)

Mál þetta, sem dómtekið var 13. september síðastliðinn, höfðaði lögreglustjórinn á Suðurnesjum með ákæru, útgefinni 20. mars 2017, á hendur Kristjáni Shackelford, kt. [...], [...], [...], Kristófer Fannari Axelssyni, kt. [...], [...], [...] og X, kt. [...], [...], [...], fyrir eftirtalin brot:

I.

Gegn öllum ákærðu fyrir líkamsárás, með því að hafa í félagi, aðfaranótt sunnudagsins 26. apríl 2015, á skemmtistaðnum Bar 230, Hafnargötu 30, Keflavík, ráðist að A, kt. [...], með eftirfarandi hætti:

Ákærði Kristján Shackelford fyrir að hafa kýlt A í andlitið á reykingasvæði skemmtistaðarins, sparkað í fót A þar sem hann stóð við neyðarútgang og loks ráðist með ofbeldi að A ásamt ákærðu á salernisgangi.

Ákærði Kristófer fyrir að hafa kýlt A í andlitið á reykingasvæði skemmtistaðarins eftir að A hafði kýlt hann. Skömmu síðar í anddyri skemmtistaðarins kýldi ákærði Kristófer A mörgum höggum í hnakka og bak í kjölfar þess að ákærðu höfðu elt hann þangað.

Ákærði Kristófer ásamt fleirum fyrir að hafa elt A inn á salernisgang skemmtistaðarins með þeim afleiðingum að A féll niður og Kristófer ásamt ákærðu ráðist að A með ofbeldi.

Ákærðu, allir í sameiningu, fyrir að hafa ráðist að A þar sem hann var á dansgólfi skemmtistaðarins þannig að hann féll í gólfíð. Í framhaldinu gerði ákærði X tilraun til að sparka í A.

Afleiðingar árásarinnar urðu þær að A hlaut, mar og skrámur í hársverði hægra kollviks, mar og bólgu yfir nefi, bólgnað varir, bitfar í efrivör, brot í tönn, mar á baki og á síðu, eymsli í síðum, mar á dorsal hlið hægri framhandleggs, verk í vinstri olnboga, þreyfieymsli yfir lateral epicondyl á humerus, roða og skrámur á

hnjám, verkir yfir hægra hné.

Er þetta talið varða við 1. mgr. 217 og 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Á hendur Kristjáni Shackelford fyrir eftirtalin brot árið 2015, nema annað sé tekið fram:

II.

Umferðarlagabrot með því að hafa:

1. Sunnudaginn 24. maí, ekið bifreiðinni [...], óhæfur til að stjórna henni örugglega vegna áhrifa ávana- og fíkniefna, (í blóði mældist tetrahydrókannabínól 4,3 ng/ml og í þvagi fannst amfetamín og metamfetamín) vestur Reykjanesbraut við Vogastapa, uns aksturinn var stöðvaður.
2. Laugardaginn 17. september 2016, ekið bifreiðinni [...], óhæfur til að stjórna henni örugglega vegna áhrifa ávana- og fíkniefna, (í blóði mældist tetrahydrókannabínól 14 ng/ml) um Miklubraut á móts við Rauðagerði í Reykjavík.

Teljast brot þessi varða við 1. mgr., sbr. 2. mgr. 45. gr. a, sbr. 1.mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. 5. gr. laga nr. 66/2006.

III.

Áfengis- og lögreglulagabrot með því að hafa:

Aðfaranótt sunnudagsins 24. maí, verið með óspektir sökum ölvunar á almannaferi fyrir utan verslunina 10/11, Hafnargötu 51, Keflavík, og þannig tálmað störf lögreglumanna, verið ógnandi í garð lögreglumanna og neitað að hlýða fyrirmælum lögreglu um að yfirgefa vettvang.

Er brot þetta talið varða við 21. gr., sbr. 27. gr. áfengislaga nr. 75/1998 og við 19. gr. og 21. gr., sbr. 41. gr. lögreglulaga nr. 90/1996.

IV.

Líkamsárás, með því að hafa:

Aðfaranótt sunnudagsins 22. nóvember, á skemmtistaðnum Bar 230, Hafnargötu 30 í Keflavík, ráðist að B, kt. [...], með því að kýla hann tvisvar í andlitið með þeim afleiðingum að hann hlaut hrúfl á vinstra eyra og bólgu/mar á bak við vinstra eyra, mar og bólgu á hnakka vinstra megin, mar og lítils háttar rof á efri vör hægra megin, mar undir og kringum eyra hægra megin og lítils háttar rof á efri vör hægra megin, mar undir og kringum hægra auga og niður á hægra kinnbein.

Er brot þetta talið varða við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar. Einnig að ákærða Kristjáni Shackelford verði samkvæmt ákærukafla II dæmdur til að sæta sviptingu ökuréttar, sbr. 101. gr. og 102. gr. umferðarlaga nr.

50/1987, sbr. lög nr. 44/1993 og 18. gr. laga nr. 66/2006.

Einkaréttarkrafa:

Halldóra Aðalsteinsdóttir hdl. krefst þess fyrir hönd A, kt. [...] að ákærðu Kristján Shackelford, Kristófer Fannar Axelsson og X, verði in solidum dæmdir til að greiða honum miskabætur að fjárhæð 950.000 krónur með vöxtum samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 26. apríl 2015 til þess dags er mánuður er liðinn frá því að bótakrafan er kynnt ákærða, en með dráttarvöxtum samkvæmt 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr., frá þeim degi til greiðsludags. Þá er jafnframt krafist málskostnaðar.

A

Ákæruliður I.

Í þessu lið er ákærðu gefin að sök líkamsárás með því að hafa í félagi aðfaranótt sunnudagsins 26. apríl 2015, á skemmtistaðnum Bar 230 í Keflavík, ráðist að A, með þeim hætti sem nánar í lýst í ákæru málsins. Þar segir að ákærði Kristján hafi kýlt brotaþola í andlitið á reykingasvæði skemmtistaðarins, sparkað í fót hans og ráðist með ofbeldi að honum ásamt meðákærðu á salernisgangi. Ákærða Kristófer Fannari er gefið að sök að hafa kýlt brotaþola í andlitið á reykingasvæðinu, eftir að brotaþoli hafði kýlt hann, og skömmu síðar í anddyri skemmtistaðarins, kýlt brotaþola mörgum höggum í hnakka og bak í kjölfar þess að ákærðu höfðu elt hann þangað. Loks er öllum ákærðu gefið að sök að hafa í sameiningu ráðist að brotaþola þar sem hann var á dansgólfi skemmtistaðarins þannig að hann féll í gólfíð. Í framhaldinu hafi ákærði X tilraun til að sparka í brotaþola.

Upphaf málsins er að rekja til þess að brotaþoli kom á lögreglustöð 28. apríl 2015 til að leggja fram kæru vegna líkamsárásar sem átti sér stað á skemmtistaðnum Players (Bar 230) í Keflavík 26. apríl sama ár. Í skýrslu lögreglu er haft eftir brotaþola að hann hafi verið staddur við reykingasvæði staðarins þegar einhver sem eitthvað átti vantalað við hann hafi slegið hann með krepptum hnefa beint í andlitið. Sagði brotaþoli höggið hafa komið á kjálkann vinstra megin. Kvaðst brotaþoli ekki þekkja gerandann. Eftir höggið hefðu 5-6 aðilar ráðist að honum. Eftir slagsmálin hefði hann farið á dansgólfið til að dansa, en þá hefðu tveir aðilar ráðist að honum þar. Hefði hann fallið í gólfíð, en einhverjir tveir hefðu tekið um handleggina á honum og nærri því brotið höndina. Á dansgólfinu hafi einnig verið sparkað í nef og höfuð brotaþola. Mikið hefði blætt úr nefinu, en brotaþoli kvaðst ekki vera viss um hvort það hefði verið sparkað í nefið eða að hann hefði fengið hné í það. Fullyrti brotaþoli að annar þeirra sem sló hann við reykingasvæðið hefði einnig ráðist á hann á dansgólfinu. Skömmu síðar, á reykingasvæði skemmtistaðarins, hefðu komið til hans þeir aðilar sem hann hefði

lent í útistöðum við og sagt að þeir ætluðu að lemja hann. Dyravörður sem var nærri hefði opnað hurð út af reykingsvæðinu til að hann kæmist undan, en hann hefði farið að anddyri skemmtistaðarins með 6-8 drengi á eftir sér þar sem slagsmálin byrjuðu aftur. Kvaðst brotaþoli hafa verið slegin þar í 3-4 skipti af sömu drengjum og hefðu veist að honum fyrr um kvöldið. Kvaðst brotaþoli ekki þekkja þessa aðila, en vita hvernig þeir litu út. Fram kom hjá brotaþola að sá sem hefði byrjað slagsmálin væri með tattú á hálsinum og væri að vinna hjá Sólningu, en sá sem hefði slegið hann við reykingsvæðið væri hávaxin, um tveir metrar á hæð og grannvaxinn. Hefði hann verið klæddur í svarta DC blússu.

Skýrslur ákærðu og vitna fyrir dómi:

Ákærði Kristján Shackelford skýrði frá því að hann hefði verið á skemmtistaðnum Players aðfaranótt sunnudagsins 26. apríl 2015. Kvaðst ákærði vilja nýta sér þann rétt að svara ekki spurningum um refsiverða háttsemi sem honum væri gefin að sök í ákæru. Spurður um framburð sinn hjá lögreglu vegna málsins sagði ákærði það rétt eftir honum haft að hann hefði verið nokkuð drukkin um kvöldið, en mundi að brotaþoli hefði hrækt framan í kærustu móður ákærða og reynt að kasta í hann glasi. Þá sagði ákærði það rétt eftir honum haft að einu högginn sem hann myndi eftir væri þegar brotaþoli hefði slegið Kristófer. Fram kom hjá ákærða að hann hefði farið í langtímameðferð á Vog og í framhaldinu að Staðarfelli og væri nýorðinn faðir.

Ákærði Kristófer Fannar Axelsson greindi frá því að hann hefði umrætt kvöld verið á skemmtistaðnum og heyrt af því að brotaþoli hefði verið með ofbeldi og leiðindi og hefði hrækt framan í konu á staðnum og sparkað í kvenmenn. Kvaðst ákærði því hafa gengið upp að honum á dansgólfinu og beðið hann að koma og tala við sig. Brotaþoli hefði ekki heyrt það sem ákærði sagði og því hefði hann ýtt aðeins í brotaþola sem hefði í fyrstu tekið því eins og árás á sig, en síðan farið með ákærða á reykingsvæðið þar sem þeir hefðu rætt saman. Í því hefði einhver komið aðvífandi og kýlt hann fyrsta höggið. Hefði brotaþoli greinilega haldið að ákærði Kristófer hefði kýlt hann því að brotaþoli hefði látið högginn dynja á ákærða. Hefði hann kýlt ákærða í andlitið, 5-6 sinnum ef ekki oftar. Eftir það hefði brotaþoli rokið í burtu og kvaðst ákærði hafa farið á eftir honum til að reyna að stöðva frekari árásir hans. Kvaðst ákærði hafa reynt að verjast höggum frá brotaþola og hafa kýlt hann á móti til þess að verða ekki laminn oftar. Gestir á staðnum hefðu hópast að þeim og farið á eftir brotaþola inn að dansgólfinu þar sem brotaþoli hefði dottið og ákærði með honum. Þegar þeir hefðu legið á gólfinu hefði einhver tekið hann hálstaki þannig að hann hefði verið við það að missa andann. Brotaþoli hefði síðan farið í burtu og út á reykingsvæðið fyrir aftan húsið, þar sem dyraverðir hafi opnað fyrir brotaþola til að hann kæmist út á götu. Sagði ákærði að hann og fleiri hefðu

farið á eftir brotþola og inn í anddyrið þar sem tekið hafi verið á móti brotþola. Þar kvaðst ákærði hafa tekið utan um brotþola og kýlt hann tvisvar eða þrisvar í hnakkann áður en ákærði dreif sig í burtu. Spurður kvaðst ákærði hafa kýlt brotþola einu sinni eða tvisvar eftir að brotþoli hefði kýlt hann 5-6 sinnum. Hefði hann gert það til að verja sig, enda hefði hann ekki viljað að brotþoli væri að lemja hann oftar. Hefði þetta verið í anddyrinu. Spurður um aðdraganda átakanna sagði ákærði að hann hefði heyrt það á staðnum á brotþoli hefði verið að áreita konur og hefði hrækt á eina þeirra. Þá hefði einhver komið aðvífandi og kýlt hann í andlitið. Hefði brotþoli haldið að ákærði hefði kýlt hann og því kýlt hann til baka. Kvaðst ákærði hafa reynt að stöðva það. Spurður kvaðst ákærði ekki hafa séð hver hefði kýlt brotþola í upphafi. Það hefði verið eitt högg. Ákærði kvaðst aðspurður neita því að hafa sparkað í brotþola. Þá kvaðst ákærði aðspurður ekki hafa kýlt brotþola á reykingasvæði skemmtistaðarins, heldur fyrir utan það. Þá hafi hann kýlt hann í hnakkann í anddyri skemmtistaðarins.

Ákærði X skýrði frá því hann verið á veitingastaðnum Bar 230 umrætt kvöld ásamt meðákærðu Kristófer og Kristjáni, og vitninu C og fullt af öðru fólki. Brotþoli hefði hangið utan í þeim allt kvöldið þar sem ákærðu voru að skemmta sér. Svo einhvern veginn hefði þetta endað allt í einhverju rugli. Spurður hvað gerst hefði inni á staðnum sagði ákærði að hann hefði ekki átt neinn þátt í þeirri líkamsárás sem honum er gefin að sök í ákæru. Brotþoli hefði legið á dansgólfinu þegar ákærði kom þar að. Kannaðist ákærði ekki við það að hafa reynt að sparka í brotþola þegar hann lá á gólfinu. Þegar ákærði var beðinn að lýsa átökum á skemmtistaðnum kvaðst hann ekki hafa séð mikið og ekki þegar brotþoli féll á dansgólfið. Þegar hann hefði komið þar að hefðu fjórir eða fimm legið á gólfinu án þess að ákærði hefði greint hverjir það væru. Dimmt hefði verið og reykur og fullt af fólki að dansa. Ákærði kvaðst hafa verið edrú þetta kvöld og hefði hann ásamt dyravörðum tekið þátt í að stöðva þau átök sem urðu á skemmtistaðnum. Spurður sagði ákærði að árás brotþola á meðákærða Kristófer í upphafi hefði verið tilefnislaus og hefði Kristófer ekki beitt meira afli til að verja sig heldur en tilefni var til. Aðspurður um þann framburð hjá lögreglu að ákærði hefði einu sinni slegið til brotþola en ekki hitt sagði ákærði það rétt vera. Hann hefði sveiflað hendinni að brotþola til að fæla hann frá meðákærða Kristófer meðan brotþoli hélt í hann og var að slá hann. Þetta hefði verið í byrjun átakanna og á reykingasvæðinu. Spurður sagðist ákærði ekki hafa séð meðákærða Kristján kýla brotþola, en fjöldi gesta hefði verið á staðnum, það er við inngang frá reykingasvæðinu.

Brotþoli, A, skýrði frá því að það hefði orðið fyrir líkamsárás af hendi nokkurra aðila. Vitnið kvaðst ekki muna eftir smáatriðum en vísaði til þess að til væri upptaka af atvikum. Vitnið sagði að nokkrir hefðu verið að sparka í það meðan

Það lá á gólfinu. Það hefði reynt að flýja en öryggisverðir hefðu ekki leyft vitninu að fara þannig að árásin hélt áfram á gangi skemmtistaðarins. Vitnið kvaðst ekki hafa verið mjög ölvað í umrætt sinn, en drukkið einn bjór áður en atvik urðu. Afleiðingar árásarinnar hefðu verið fjöldi marbletta. Þá hefði verið reynt að brjóta olnboga vitnisins. Tönn í vitninu hefði brotnað. Þá nefndi vitnið andlegar afleiðingar árásarinnar. Spurt kvaðst vitnið ekki þekkja árársaðilanna. Vitnið neitaði því aðspurt að hafa verið ýtið gagnvart kvenfólki um kvöldið. Þá kannaðist vitnið ekki við að dyraverðir hefðu þurft að hafa afskipti af vitninu áður en ætluð líkamsárás átti sér stað. Þá neitaði vitnið því að hafa verið ógnandi í garð ákærðu. Spurt hvort vitnið kannaðist við það að ákærði Kristján hefði slegið vitnið og sparkað í það sagði vitnið að það gæti ekki munað hver gerði hvað, hver hefði slegið vitnið í andlit og hver hefði sparkað í það, en vitnið kvaðst treysta á það að myndupptaka sýndi það hver gerði hvað, en þá upptöku kvaðst vitnið ekki hafa séð. Þá sagði vitnið aðspurt að það hefði munað atvikin betur þegar það gaf skýrslu hjá lögreglu vegna málsins. Spurður af hverju vitnið hefði ráðist á ákærða Kristófer, að því er virðist af tilefnislausu, kvaðst vitnið ekki muna það, en greindi síðan frá því að ákærði hefði litið vitnið hornauga strax í byrjun og verið með ógnandi augnarád. Vitnið staðfesti aðspurt þann framburð þess hjá lögreglu að einn maður hefði verið upphafsmaður átakanna og hefði sá verið með húðflúr á hálsinum og væri að vinna hjá Sólningu. Spurt um það hvort vitnið minntist þess að einhver hefði reynt að sparka í vitnið en ekki hitt kvaðst vitnið ekki minnast þess. Spurt um þann framburð hjá lögreglu að einhver sem hefði átt vantalað við vitnið hefði slegið vitnið með krepptum hnefa beint í andlitið þegar það var á reykingasvæði staðarins kvaðst vitnið kannast við að þetta kæmi fram í skýrslunni. Sagði vitnið þann framburð sinn hjá lögreglu réttan að eftir þetta hefðu einhverjir fimm til sex aðilar ráðist á vitnið og verið með hópi manna sem hafi slegið vitnið í andlitið. Eftir það hefði vitnið dottið á gólfið og einhverjir tveir menn haldið í hendurnar á vitninu. Loks sagði vitnið að högg og spörk hefðu lent víðsvegar á öllum líkama vitnisins. Það hefðu fjórir eða fimm aðilar verið í kringum vitnið og hefðu allir verið að sparka í vitnið og spörkin lent alls staðar á líkamanum. Vitnið kvaðst þekkja sig á myndum í rannsóknargögnum málsins en kvaðst ekki geta bent á þann aðila sem hefði kýlt vitnið í andlitið.

Vitnið D gaf skýrslu fyrir dómi og greindi frá því að það hefði verið að skemmta sér á Bar 230 umrætt kvöld. Kvaðst vitnið hafa heyrt af því að orðaskak væri í gangi og einhver ósáttur við einhvern. Síðan kvaðst vitnið hafa séð brotaþola koma hlaupandi fyrir horn og 5-7 menn á eftir honum. Hefðu þeir náð brotaþola við inngang á skemmtistaðinn þar sem brotaþoli var stöðvaður af dyravörðum. Vitnið kvaðst ekki geta nafngreint þá sem eltu brotaþola, en þeir hefðu sparkað í brotaþola

og barið hann þegar hann lá á gólfinu. Vitnið kvaðst hafa skorist í leikinn og reynt að skilja árársaðilana í sundur. Eitthvað hefði gerst „inn á milli“ sem vitnið kvaðst ekki muna en hafa þó grófa mynd af atvikunum. Nánar aðspurt sagði vitnið að atlagan að brotaþola hefði verið með höndum og fótum árársarmannanna. Þá kvaðst vitnið vita til þess að brotaþoli hefði verið kýldur í andlit nokkrum sinnum því það hefði brotnað út úr tönn í brotaþola. Vitnið kvaðst hafa séð höggið og hafa þá skorist í leikinn. Þá hafi dyraverðir komið á vettvang. Vitnið kvaðst aðspurt ekki hafa séð hvar högginn lentu, en fullyrti að brotaþoli hefði verið kýldur í andlitið, en það kvaðst vitnið ekki hafa séð, en væri engu að síður vissum að það hefði átt sér stað. Vitnið kvaðst hvorki þekkja nöfn árársarmannanna né geta lýst þeim, að öðru leyti en því að þeir hefðu verið 18-24 ára, grannir, háir og venjulegir.

Vitnið E skýrði frá því að það hefði verið dyravörður á veitingastaðnum umrætt kvöld. Vitnið kvað slagsmál á staðnum vera tíð og því myndi það ekki sérstaklega eftir þessum. Vitnið kvaðst þó muna eftir því að hafa tekið brotaþola niður eftir slagsmál á dansgólfinu og varið hann fyrir höggum. Vitnið kvaðst ekki muna hver það hefði verið sem hefði slegið brotaþola. Vitnið kvaðst hafa hent brotaþola út af staðnum bakdyramegin, en brotaþoli hefði hlaupið hringinn og komið aftur inn á staðinn og stanslaust verið utan í ákærðu. Hefði brotaþoli verið að rífa kjaft við þá og ögra þeim. Vitnið kvaðst hafa tekið brotaþola niður af því að hann hefði verið að áreita ákærðu. Það hefði verið á dansgólfinu. Spurt kvaðst vitnið hvorki hafa séð ákærða Kristján ráðast á brotaþola né slá hann. Vitnið bar að það hefði ekki séð upphaf átakanna, en séð ákærða Kristófer slá til brotaþola. Vitnið sagði rétt eftir sér haft hjá lögreglu að það hefði verið kallað að reykingarsvæðinu eftir að búið var að slá brotaþola einu höggi. Einnig að ákærði Kristján hefði slegið brotaþola en vitnið hefði ekki séð höggið. Jafnframt að aftur hafi komið til átaka á dansgólfinu þar sem ákærðu Kristján, Kristófer og X voru að slást við brotaþola og vitnið hafi séð að ákærði X sparkaði fast í brotaþola án þess að sjá hvar sparkið lenti. Spurt kvað vitnið þetta rétt eftir því haft og kvaðst hafa munað atburðina þegar það gaf skýrslu hjá lögreglu, en ekki í dag. Loks sagði vitnið það rétt eftir því haft hjá lögreglu að það hefði ekki orðið vitni að átökunum á reykingarsvæðinu, en séð hvar ákærði Kristófer hafi slegið til brotaþola þegar þeir hafi tekist á í anddyrinu, án þess að vera viss hvar höggið lenti.

Vitnið F gaf skýrslu fyrir dómi og greindi frá því að það myndi ekki hvað gerst hefði umrætt kvöld. Spurt sagði vitnið það rétt eftir því haft hjá lögreglu að það hefði komið að átökum á skemmtistaðnum og dregið einn mann út úr hópnum, ákærða X, sem hefði ekki verið að slást. Þá kvaðst vitnið hafa séð Kristófer slá brotaþola einu höggi í hnakkann, en ekki vita neitt um aðdraganda þess eða afleiðingar. Hefði þetta verið í anddyri skemmtistaðarins. Einnig kvaðst vitnið hafa

séð handalögmál og heyrt orðaskipti á reykingasvæði staðarins. Þar hefði brotaþoli verið, en vitnið kvaðst ekki muna hverjir hefðu verið á móti honum.

Vitnið G skýrði frá því að það myndi eftir erjum en hefði ekki séð átök. Vitninu hefði verið ýtt frá. Brotaþoli hefði komið til vitnisins og verið aumur í hendinni. Ástand hans hefði verið eins og venjulega en vitnið kvaðst ekki hafa hitt brotaþola nema niður í bæ þegar hann var á djamminu. Þá kvaðst vitnið ekki geta borið um ölvunarástand brotaþola.

Vitnið C greindi frá því að það myndi lítið eftir því sem gerðist um kvöldið nema það að brotaþoli hefði verið að eltast við ákærðu allt kvöldið. Komið hafi til orðaskipta inni á reykingasvæðinu þar sem brotaþoli hefði hrækt í andlitið á móður ákærða Kristjáns Shackelford og sparkaði í átt að fósturmóður hans. Þetta hefði gerst á reykingarsvæðinu. Vitnið kvaðst hafa séð þetta. Brotaþoli hefði verið elta ákærðu, ögra þeim og verið með leiðindi við fleiri gesti en þá allt kvöldið. Brotaþoli hefði verið að reyna að stofna til slagsmála með því að steyta hnefa. Vitnið kvaðst hafa verið með ákærðu Kristjáni, Kristófer og X. Vitnið kvaðst hafa séð brotaþola ráðast á ákærða Kristófer og eftir það hefði vitnið reynt að stöðva hópslagsmál sem byrjuðu hjá salernunum og enduðu inni á dansgólfinu. Vitnið kvaðst hafa séð brotaþola byrja að kýla ákærða Kristófer, en ekki séð aðdragandann að því. Þá kvaðst vitnið hafa verið edrú í umrætt sinn. Spurt sagði vitnið að það sjálft, dyraverðir og ákærði X hefðu reynt að stöðva slagsmálin. Ástand gesta var misjafnt, sumir ölvaðir en aðrir edrú. Vitnið kvað ákærða X hafa verið edrú. Þá kvaðst vitnið aðspurt ekki hafa séð ákærða Kristján kýla brotaþola á reykingasvæðinu. Loks kvaðst vitnið hvorki hafa séð ákærða Kristján sparka í fót brotaþola né ákærða X gera tilraun til að sparka í brotaþola.

H rannsóknarlögreglumaður skýrði frá því að upphaf málsins hefði verið að brotaþoli hefði komið á lögreglustöð og lagt fram kæru vegna líkamsárásar á skemmtistaðnum. Brotaþoli hefði lýst því sem gerðist, en hefði ekki þekkt aðilana með nafni. Hann hefði bent á einn sem hann kannist við og væri að vinna hjá Sólningu og væri með tattú á hálsinum. Eftir skýrslutöku hefði lögreglan farið á skemmtistaðinn og fengið myndbandsupptökur. Hefðu ákærðu þekkt á myndum frá staðnum og einnig C og hefðu þeir í framhaldinu verið kallaðir í skýrslutöku hjá lögreglu. Brotaþoli hefði lýst átökum á staðnum og því að sá sem væri að vinna hjá Sólningu og væri með tattú á hálsinum hefði kýlt hann á dansgólfinu og í anddyrinu. Vitnið sagði ákærða Kristófer vera með tattú á hálsinum og vinna hjá Sólningu. Af upptökum frá staðnum var greinilegt að ákærðu Kristján og Kristófer höfðu sig í frammi við brotaþola í þessari líkamsárás. Vitnið var spurt um þá upptöku þar sem brotaþoli er kýldur en aðeins sést hendi á þeim sem það gerði sagði vitnið að mat þess væri að upptökur sitt hvoru megin við atvikið sýndu að

ákærði Kristján Shackelford hefði þarna verið að kýla brotaþola. Bæði ákærðu Kristófer Fannar og X voru í mynd á sama tíma sem útilokaði að þeir hefðu veitt brotaþola þetta högg.

I rannsóknarlögreglumaður sagði aðkomu sína að rannsókn málsins hafa verið að afla myndupptöku af vettvangi, sækja upptökur úr eftirlitsmyndavélum og skoða þær. Þar komi atburðarrásin fram. Upptökurnar eru frá nokkrum stöðum. Fyrsti vettvangurinn er í herbergi við útidyr að reykingsstöðu. Þar er brotaþoli og hópur manna reykjandi fyrir utan, en fara hver á fætur öðrum inn fyrir og síðastur þeirra er ákærði Kristján. Vitnið lýsti skýrslu sem það vann við rannsókn málsins. Kvaðst vitnið hafa tekið myndupptökuna og stækkað myndirnar og útbúið 15 myndir á sekúndu. Höggið sjáist ekki með því að horfa á myndupptökuna en með því að skoða myndina, ramma fyrir ramma, þá kemur höndin í ljós. Höggið sjáist á myndinni en ekki hver veiti það. Á myndinni sjáist hverjir séu komnir inn. Ákærði Kristján er ekki í mynd en kemur inn á eftir meðákærðu.

Einnig gáfu skýrslu fyrir dómi vitnin Í læknir og J tannlæknir sem staðfestu báðir vottorð sem þeir gáfu út vegna málsins.

Niðurstaða:

Ákærða Kristjáni Shackelford er gefið að sök að hafa ráðist í félagi við meðákærðu á brotaþola á skemmtistaðnum Bar 230 (Players), kýlt brotaþola í andlitið á reykingsvæði staðarins og sparkað í fót hans þegar hann stóð við neyðarútgang. Loks er ákærða Kristjáni gefið að sök að hafa ráðist með ofbeldi að brotaþola á salernisgangi. Ákærði neitar sök. Fyrir dómi kvaðst ákærði ekki vilja tjá sig atvik málsins en lét þess getið að framburður hans hjá lögreglu væri réttur og að einu högginn sem ákærði myndi eftir væru þegar brotaþoli hefði slegið meðákærða Kristófer. Ákærði var spurður um það hjá lögreglu hver hefði kýlt brotaþola og kvaðst hann þá ekki vita það. Þá neitaði ákærði því hjá lögreglu að hafa sparkað í brotaþola en kvaðst ekki útiloka að hann hefði sparkað í áttina að brotaþola.

Ákærvaldið byggir kröfu um sakfellingu einkum á myndupptöku af staðnum. Krafa ákærða um sýknu er byggð á því að sönnun sektar hafi ekki tekist. Í greinargerð ákærða er bent á að fram komi á myndupptöku klukkan 02:44:26 að sá einstaklingur sem veitti hið meinta högg sé með hring á baugfingri sömu handar, en ekki verði séð af myndupptökunni að ákærði Kristján gangi með hring á fingri. Engu breyti í þessu sambandi þótt ákærði hafi verið nærri þeim stað á þeim tíma sem ætlað högg hafi verið veitt, enda sýni myndupptakan að fleiri aðilar séu á staðnum og hefðu því geta veitt brotaþola hið meinta högg og raunar sé ekki ljóst hvort hið meinta högg lendi á brotaþola. Þá bendir ákærði á að rangt sé og ósannað að hann hafi ráðist að brotaþola á salernisgangi skemmtistaðarins, heldur hafi hann reynt að stilla til friðar eftir að brotaþoli hafi ráðist með ofbeldi að meðákærða

Kristófer.

Ákærða Kristófer Fannari Axelssyni er gefið að sök að hafa ráðist í félagi við meðákærðu á brotþola á skemmtistaðnum Bar 230 og kýlt brotþola í andlitið á reykingasvæði skemmtistaðarins eftir að brotþoli hafði kýlt ákærða. Einnig skömmu síðar í anddyri skemmtistaðarins að hafa kýlt brotþola mörgum höggum í hnakka og bak í kjölfar þess að ákærðu eltu brotþola þangað. Loks er ákærða Kristófer gefið að sök að hafa ráðist að brotþola á dansgólfi skemmtistaðarins þannig að hann féll í gólfið. Ákæruvaldið byggir kröfu um sakfellingu einkum á myndupptöku af staðnum. Ákærði neitar sök og krefst sýknu. Fyrir dómi greindi ákærði frá því einhver hefði kýlt brotþola í andlitið og hefði brotþoli greinilega haldið að ákærði hefði gert það því að brotþoli hefði í framhaldinu látið högginn dynja á ákærða og kýlt ákærða í andliti 5-6 sinnum ef ekki ofar og síðan rokið í burtu. Kvaðst ákærði hafa farið á eftir brotþola til að reyna að stöðva frekari árásir hans. Fram kom hjá ákærða að hann hefði reynt að verjast höggum brotþola og því kýlt hann á móti til að forða því að hann yrði laminn oftár. Þá gekkst ákærði við því að hafa í anddyri skemmtistaðarins tekið utan um brotþola og kýlt hann tvisvar eða þrisvar í hnakkann. Í greinargerð ákærða er sýknukrafa hans byggð á því að ákæruvaldinu hafi ekki tekist að sanna að ákærði hafi valdið brotþola þeim áverkum sem hann hlaut umrætt kvöld eða að áverkarnir séu ekki til komnir vegna löglegrar neyðarvarnar ákærða, sbr. 1. mgr. 12. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Geti framkomin gögn því ekki orðið grundvöllur sakfellingar í málinu. Fari svo ólíklega að ákærði verði sakfelldur fyrir þá háttsemi sem honum er gefin að sök krefst ákærði þess að honum verði aðeins gerð sú vægasta refsing sem lög leyfa. Vísar ákærði í því sambandi til 3. mgr. 218. gr. c. almennra hegningarlaga.

Ákærða X er gefið að sök að hafa í félagi við meðákærðu ráðist að brotþola á dansgólfi skemmtistaðarins þannig að hann féll í gólfið og fyrir að hafa í framhaldinu gert tilraun til að sparka í brotþola. Ákærði neitar sök og krefst sýknu af refsikröfu ákæruvaldsins. Í skýrslu ákærða fyrir dómi kom fram að hann hefði ekki átt neinn þátt í þeirri líkamsárás sem honum er gefin að sök í ákæru og kannaðist ekki við að hafa gert tilraun til að sparka í brotþola þegar hann lá á dansgólfinu. Þá neitaði ákærði því að hafa elt brotþola inn á salernisgang skemmtistaðarins og ráðist á hann þar. Ákæruvaldið byggir kröfu um sakfellingu einkum á myndupptöku af staðnum. Í greinargerð ákærða er bent á að myndupptökur úr eftirlitsmyndavélakerfi staðarins staðfesti að ákærði X hafi ekki ráðist á brotþola á reykingasvæði, salernisgangi eða í anddyri skemmtistaðarins. Þá hafi aðeins eitt vitnið talið sig sjá að ákærði hafi sparkað í brotþola á dansgólfinu án þess að sjá hvar höggið lenti. Vitnið hafi ekki verið í góðri aðstöðu til að sjá ætlað spark, en hafa verið hugfast að fjöldi gesta hafi verið á dansgólfinu

Þegar átökin áttu sér stað og því verði ekki útilokað að ætlað spark hafi komið frá öðrum en ákærða. Þá bendir ákærði á að ákærvaldið hafi með engu móti fært sönnur á að ákærði hafi ráðist á brotaþola einn síns liðs eða í félagi við meðákærðu en sönnunarbyrði um það liggi hjá ákærvaldinu. Verulegur vafi sé um sekt ákærða og því beri að sýkna hann af refsikröfu ákærvaldsins.

Í framburði brotaþola fyrir dómi kemur fram að hann hafi orðið fyrir líkamsárás af hendi nokkurra aðila. Kvaðst brotaþoli ekki muna eftir smáatriðum, en vísaði til þess að til væri upptaka af atvikum á skemmtistaðnum. Þegar brotaþoli var spurður að því hvort ákærði Kristján hefði slegið og sparkað í hann svaraði brotaþoli því til að hann gæti ekki munað hver hefði gert hvað. Gat brotaþoli ekki greint frá því hver hefði kýlt hann og hver hefði sparkað í hann, en sagðist treysta því að myndupptaka sýndi það, en þá upptöku hefði hann ekki séð. Þá var brotaþoli enn fremur spurður um það hvort einhver hefði gert tilraun til að sparka í hann en ekki hitt, kvaðst brotaþoli ekki minnst þess.

Í málgögnum er að finna upplýsingaskýrslu H lögreglumanns um upptökur úr eftirlitsmyndavélakerfi skemmtistaðarins Players (Bar 230). Þar segir að á upptöku úr myndavél sem sýni reykingasvæði staðarins frá klukkan 02:44 til 02:44:42 megi sjá ákærða Kristján ásamt fleirum, þar sem hann réttir einhverjum sígarettu og gengur út af svæðinu klukkan 02:44:25, en kemur aftur tveimur sekúndum síðar, en sést svo hlaupa út af reykingasvæðinu klukkan 02:44:32. Þá segir að upptaka úr myndavél sem sýni svæðið fyrir framan reykingasvæðið til klukkan 02:44:45 sýni brotaþola og ákærða Kristófer koma inn á svæðið. Klukkan 02:44:26 sjáist hvar brotaþoli fái högg í andlitið, en sá sem veiti honum höggið sjáist ekki greinilega, en höggið sé veitt á sama tíma og ákærði Kristján sjáist fara út af reykingasvæðinu. Ákærði Kristófer og X séu vitni að högginu og tveir aðrir sem ekki liggi fyrir upplýsingar um hverjir séu. Þá segir í skýrslunni að klukkan 02:44:32 sjáist hvar brotaþoli ræðst á ákærða Kristófer með höggum. Í kjölfarið komi ákærði Kristján hlaupandi af reykingasvæðinu ásamt fleirum og fari ásamt ákærða Kristófer á eftir brotaþola sem hlaupi í átt að dansgólfinu.

Þá er í skýrslunni lýst myndupptöku af salernisgangi. Klukkan 02:44:30 sjáist brotaþoli koma hlaupandi og ákærðu Kristófer og Kristján á eftir honum. Ekki sé vitað um nöfn á öllum þeim gestum sem sjáist á upptökunni, en á henni sjáist brotaþoli detta og virðast ákærðu Kristján og Kristófer sparka til hans. Klukkan 02.47 sjáist brotaþoli koma blóðugur í framan og fara inn á salernið, en dyraverðir varni ákærðu Kristjáni, Kristófer og X inngöngu. Um upptöku á útisvæði segir í skýrslunni að svo virðist sem ákærði Kristján „virðist sparka“ í brotaþola klukkan 03:05:38, en tekið fram að tími upptökunnar passi ekki við aðrar tímasetningar. Eftir það hlaupi brotaþoli út og einhverjir 5-6 aðilar á eftir honum,

þar á meðal ákærðu Kristján, Kristófer og X. Loks er lýst átökum á milli brotaþola og ákærða Kristófers í anddyri skemmtistaðarins, en erfitt sé að greina hver hafi slegið hvern.

Samkvæmt 108. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála hvílir á ákærvaldinu sönnunarbyrði um sekt ákærðu og atvik sem telja má honum í óhag. Þá metur dómari hverju sinni hvort nægileg sönnun, sem ekki verði vefngd með skynsamlegum rökum, sé fram komin um hvert það atriði sem varðar sekt og ákvörðun viðurlaga, þar á meðal hvaða sönnunargildi skýrslur ákærðu hafi, vitnisburður, mats- og skoðunargerðir, skjöl og önnur sýnileg sönnunargögn, sbr. 1. mgr. 109. gr. laganna. Einnig metur dómari, ef þörf krefur, hvert sönnunargildi þær staðhæfingar hafa sem varða ekki beinlínis það atriði sem sanna skal, en ályktanir má leiða um það, sbr. 2. mgr. 109. gr. laga nr. 88/2008.

Ákærðu í máli þessu er gefið að sök að hafa ráðist í félagi að brotaþola á skemmtistaðnum Bar 230 og er ætluðum þætti hvers og eins fyrir sig lýst í ákærinni. Í málinu snýst sönnun um það hvort ákærðu hafi ráðist á brotaþola með þeim hætti sem lýst er í ákærinni. Ákærðu Kristján og X neita báðir sök, en ákærði Kristófer hefur gengist við því að hafa í áflogum kýlt brotaþola tvisvar eða þrisvar í hnakkann. Þá hefði hann kýlt brotaþola einu sinni eða tvisvar eftir að brotaþoli hefði kýlt hann fimm til sex sinnum. Hefði þetta verið í anddyri skemmtistaðarins og hefði hann gert þetta til að verja sig. Að mati dómsins eru framburðir ákærðu Kristófers og X ekki ótrúverðugir, en þeir hafa í öllum meginatriðum borið á sama veg hjá lögreglu og fyrir dómi. Á hinn bóginn neitaði ákærði Kristján að tjá sig um atvik málsins fyrir dómi, en lét þess getið að framburður hans hjá lögreglu væri réttur.

Á upptöku úr eftirlitsmyndavélakrefi skemmtistaðarins má sjá að klukkan 02:44:32 er brotaþoli kýldur föstu höggi í andlitið án þess að séð verði hver það er sem veitti höggið. Í kjölfarið ræðst brotaþoli að ákærða Kristófer og slær hann ítrekað. Fjöldi gesta er umhverfis ákærðu og brotaþola og berst leikurinn að því er virðist um skemmtistaðinn. Um er að ræða myndupptökur frá reykingasvæði skemmtistaðarins, svæðinu fyrir framan reykingasvæðið, gangi við salerni, dansgólfi, útisvæði og anddyri. Af öllu þessu myndefni verður ekki ráðið þannig að hafið sé yfir skynsamlegan vafa að ákærði Kristján hafi kýlt brotaþola í andlitið á reykingasvæðinu, sparkað í fót brotaþola eða ráðist með ofbeldi að brotaþola á dansgólfi skemmtistaðarins. Þá verður heldur ekki fullyrt, þannig að hafið sé yfir skynsamlegan vafa, að ákærði Kristófer hafi kýlt brotaþola í andlitið á reykingasvæði staðarins, ráðist með ofbeldi að brotaþola á gangi við salerni, eða ráðist með ofbeldi að brotaþola á dansgólfi skemmtistaðarins. Loks verður ekki ráðið af fyrrgreindu myndefni, þannig að hafið sé yfir skynsamlegan vafa, að

ákærði X hafi ráðist með ofbeldi að brotaþola á dansgólfi skemmtistaðarins þannig að hann datt í gólfið og gert tilraun til að sparka í brotaþola.

Að því virtu sem nú hefur verið rakið þykja sönnunargögn ekki renna stoðum undir það að ákærðu Kristján Shackelford og X hafi framið þau brot sem þeir eru sakaðir um í þessum ákærulið. Frásagnir brotaþola og annarra vitna renna á engan hátt stoðum undir sakargiftir ákærunnar og leiða ekki til þess að þessir ákærðu verði sakfelldir gegn eindreginni og staðfastri neitun þeirra. Að mati dómsins hefur ákærvaldið ekki axlað þá sönnunarbyrði í málinu sem á því hvílir, sbr. áðurgreind ákvæði 108. gr., sbr. 1. og 2. mgr. 109. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála og eru ákærðu því sýknaðir af þeirri háttsemi sem þeim er gefin að sök í þessum kafla ákærunnar. Framburður H lögreglumanns fyrir dómi um það að upptökur úr eftirlitsmyndavélakerfi skemmtistaðarins sitt hvoru megin við staðfesti að ákærði Kristján hafi verið sá sem kýldi brotaþola fá ekki breytt þessu mati dómsins. Sama er að segja um þann framburð vitnisins E að það hefði séð ákærða X sparka fast í brotaþola án þess þó að sjá hvar höggið lenti. Ákærða X er gefið að sök að hafa gert tilraun til að sparka í brotaþola þegar hann lá á dansgólfi staðarins og verður ekki dæmdur fyrir aðra háttsemi en þá sem lýst er í ákæru málsins, sbr. 180. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

Ákærði Kristófer Fannar Axelsson hefur sem fyrr segir gengist við því að hafa reynt að verjast höggum brotaþola með því að kýla hann á móti og að hafa í anddyri skemmtistaðarins ítrekað kýlt brotaþola í hnakkann. Þetta hafi hann gert til að verja sig fyrir árás brotaþola sem hefði slegið hann 5-6 sinnum. Á myndupptöku úr eftirlitsmyndavélakerfi skemmtistaðarins af svæði framan við reykingasvæði má glögg sjá að brotaþoli ræðst að ákærða Kristófer með höggum í beinu framhaldi af því að brotaþoli var kýldur í andlitið af óþekktum geranda sem ekki sást á myndupptökunni. Eftir árásina hleypur brotaþoli í áttina að dansgólfinu og ákærðu Kristófer og Kristján fara á eftir honum. Kemur þetta einnig fram í fyrrgreindri upplýsingarskýrslu lögreglu um upptökur úr myndavélakerfi staðarins. Fram kom hjá ákærðu og vitnunum C og E að brotaþoli hefði hangið utan í ákærðu allt kvöldið og hefði verið með leiðindi.

Sýknukrafa ákærða Kristófers er meðal annars byggð á 1. mgr. 12. gr. almennra hegningarlaga. Vísar ákærði til þess að hann hafi verið fórnarlamb brotaþola og goldið honum líku líkt þegar brotaþoli hefði slegið ákærða. Hafi ákærði reynt að verjast og afstýra ólögum árás, sem hafi verið byrjuð, með vörnum sem hafi á engan hátt verið hættulegri en árás brotaþola. Á þetta verður ekki fallist með ákærða, enda liggur fyrir að ákærði gekk lengra en að verjast atlögu brotaþola að honum og elti hann um skemmtistaðinn og veittist að honum á fleiri en einum stað. Ákærði Kristófer gerir einnig kröfu um vægustu refsingu fyrir þá

háttsemi sem talið er sannað að hann hafi gerst sekur um og bendir á að horfa verði til 3. mgr. 218. gr. c. í almennum hegningarlögum. Þar segir að ef líkamsárás er unnin í áflogum eða átökum milli þess, sem henni veldur, og þess, sem misgert er við, sé heimilt að lækka refsingu eða jafnvel láta hana falla niður, þegar verknaður á undir 217. gr. almennra hegningarlaga. Sama á við ef sá sem verður fyrir tjóni á upptök að átökum með árás, ertingum eða líku. Upplýst er í máli þessu með framburðum ákærðu og vitnanna C og E að brotþoli var utan í ákærðu á skemmtistaðnum og var að ögra þeim og rífa kjaft. Fram kom hjá ákærða Kristófer að hann hefði fengið brotþola með sér af dansgólfinu til að ræða við hann vegna framkomu hans við ákærðu og gesti á staðnum. Í þeim viðræðum hefði brotþoli verið kýldur í andlitið og hefði þá í beinu framhaldi ráðist að ákærða og kýlt hann ítrekað í andlitið. Í ákæru er lýst afleiðingum af þeirri atlögu sem brotþoli varð fyrir í átökum á skemmtistaðnum. Þar er um að ræða maráverka, skrámur, bólgu yfir nefi og á vörum, bitfar og „brot í tönn“, mar á baki og á síðu, eymsli nefi, bólgu á vörum, mar á baki og ýmsa fleiri áverka sem lýst er í vottorði Í læknanema 20. maí 2015. Í vottorði J tannlæknis 3. mars 2017 segir að við skoðun á brotþola 26. nóvember 2015 hafi komið í ljós að „meisal horn“ tannar 42 hafi laskast, en aðrir áverkar séu ekki sjáanlegir. Metur tannlæknirinn áverkan svo að auðvelt sé að laga áverkann „með einfaldri plastblendis (Composite) fyllingu.“ Af þessu verður ályktað sem svo að afleiðingar þeirrar atlögu sem brotþoli varð fyrir á skemmtistaðnum Players (Bar 230) eigi undir 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Samkvæmt öllu framangreindu verður ekki hjá því komist að sakfella ákærða Kristófer Fannar Axelsson fyrir þá háttsemi sem hann hefur gengist við, það er fyrir að kýla brotþola á svæði fyrir utan reykingasvæðið og fyrir að hafa í anddyri skemmtistaðarins ítrekað kýlt brotþola í hnakkann. Að virtu því sem fram er komið um aðdraganda þess að ákærði veittist að brotþola í áflogum þeirra, sem ákærði var ekki upphafsmaður að, með þeim hætti sem hann lýsti sjálfur, þykja uppfyllt skilyrði 3. mgr. 218. gr. c. og rétt að ákveða að ákærða Kristófer Fannari verði ekki gerð refsing í máli þessu.

B

Ákæruliður II.

Í þessum lið ákærunnar er ákærða Kristjáni Shackelford gefið að sök umferðarlagabrot, annars vegar með því að hafa sunnudaginn 24. maí 2015 ekið bifreiðinni [...] óhæfur til að stjórna henni örugglega vegna áhrifa ávana- og fíkniefna, (í blóði mældist tetrahýdrókannabínól 4,3 ng/ml og í þvagi fannst amfetamín og metamfetamín) vestur Reykjanesbraut við Vogastapa, uns aksturinn var stöðvaður, og hins vegar með því að hafa laugardaginn 17. september 2016 ekið

bifreiðinni [...] óhæfur til að stjórna henni örugglega vegna áhrifa ávana- og fikniefna, (í blóði mældist tetrahydrókannabinól 14 ng/ml) um Miklubraut á móts við Rauðagerði í Reykjavík. Ákærði hefur játað sök samkvæmt þessum lið ákærunnar. Með vísan til játningar ákærða Kristjáns, sem samrýmist gögnum málsins, verður hann sakfelldur fyrir þá háttsemi sem greinir í II. tölulið ákærunnar sem er þar rétt heimfærð til refsíákvæða.

Ákæruliður III.

Í þessum lið er ákærði Kristjáni Shackelford gefið að sök áfengis- og lögreglulagabrot með því að hafa aðfaranótt sunnudagsins 24. maí 2015 verið með óspektir sökum ölvunar á almannafæri fyrir utan verslunina 10/11, Hafnargötu 51, Keflavík, og þannig tálmað störf lögreglumanna, verið ógnandi í garð lögreglumanna og neitað að hlýða fyrirmælum lögreglu um að yfirgefa vettvang. Ákærði hefur játað sök samkvæmt þessum lið ákærunnar. Með vísan til játningar ákærða Kristjáns, sem samrýmist gögnum málsins, verður hann sakfelldur fyrir þá háttsemi sem greinir í II tölulið ákærunnar sem er þar rétt heimfærð til refsíákvæða.

Ákæruliður IV

Í þessum ákærulið er ákærði Kristjáni Shackelford gefin að sök líkamsárás með því að hafa aðfaranótt sunnudagsins 22. nóvember 2015, á skemmtistaðnum 230 Bar, í Keflavík, ráðist að B, kt. [...], með því að kýla hann tvisvar í andlitið með þeim afleiðingum að hann hlaut hrúfl á vinstra eyra og bólgu/mar á bak við vinstra eyra, mar og bólgu á hnakka vinstra megin, mar og lítills háttar rof á efri vör hægra megin, mar undir og kringum eyra hægra megin og lítills háttar rof á efri vör hægra megin, mar undir og kringum hægra auga og niður á hægra kinnbein. Ákærði hefur játað sök samkvæmt þessum lið ákærunnar. Með vísan til játningar ákærða Kristjáns, sem samrýmist gögnum málsins, verður hann sakfelldur fyrir þá háttsemi sem greinir í II tölulið ákærunnar sem er þar rétt heimfærð til refsíákvæða.

C

Ákærði Kristján Shackelford er fæddur í júlí [...]. Sakarferill hans hefur ekki áhrif á ákvörðun refsingar í máli þessu, en hann er sakfelldur fyrir háttsemi sem honum er gefin að sök í II., III. og IV. ákærulið. Ákærði játaði greiðlega sakargiftir samkvæmt þessum ákæruliðum. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í tvo mánuði. Fresta skal fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dómsins að telja haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Með vísan til 1. og 3. mgr. 101. gr., sbr. 4. mgr. 102. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 er ákærði Kristján Shackelford sviptur ökurétti í 18 mánuði frá birtingu dóms þessa að telja.

D

A krefst þess að ákærðu greiði honum óskipt miskabætur að fjárhæð 950.000 krónur með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 26. apríl 2015 til þess dags er mánuður var liðinn frá því að krafan var kynnt ákærðu, en frá þeim degi með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. sömu laga til greiðsludags. Með vísan til 2. mgr. 176. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála og niðurstöðu málsins verður einkaréttarkröfu brotþola, A, vísað frá dómi að því er varðar ákærðu Kristján Shackelford og X. Með því broti sem ákærði Kristófer Fannar Axelsson er fundin sekur um hefur hann á grundvelli 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 fellt á sig miskabótaábyrgð. Við ákvörðun fjárhæðar miskabóta ber að líta til þess sem að framan er rakið um aðdraganda þess að ákærði veittist að brotþola og þess að ekkert haldbært liggur fyrir um afleiðingar af broti ákærða. Verður ákærði Kristófer Fannar dæmdur til að greiða miskabætur með vöxtum eins og greinir í dómsorði, auk málskostnaðar. Bótakrafan var kynnt ákærða jafnhliða birtu fyrirskalli 17. apríl 2017.

E

Um sakarkostnað málsins fer sem hér greinir:

Þóknun skipaðs verjanda ákærða X, Magnúsar Davíðs Norðdahl héraðsdómslögmanns greiðist úr ríkissjóði. Þykir þóknunin hæfilega ákveðin 832.660 krónur að virðisaukaskatti meðtöldum.

Þóknun skipaðs verjanda ákærða Kristjáns Shackelford, Úlfars Guðmundssonar héraðsdómslögmanns þykir hæfilega ákveðin 1.043.460 krónur að virðisaukaskatti meðtöldum. Ákærði greiði þóknun skipaðs verjanda síns að 1/3 hluta, en 2/3 hlutar greiðast úr ríkissjóði. Þá greiði ákærði Kristján Shackelford 223.201 krónu í annan sakarkostnað.

Ákærði, Kristófer Fannar Axelsson, greiði þóknun skipaðs verjanda síns, Ómars R. Valdimarssonar héraðsdómslögmanns. Þykir þóknunin hæfilega ákveðin 832.660 krónur að virðisaukaskatti meðtöldum.

Fyrir uppkvaðningu dómsins var gætt fyrir mæla 1. mgr. 184. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

Af hálfu ákæruvaldsins flutti málið Halldór Rósmundur Guðjónsson aðstoðarsaksóknari.

Jón Höskuldsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Ákærði, X, skal vera sýkn af ákæru í málinu.

Ákærði, Kristján Shackelford, sæti fangelsi í tvo mánuði. Fresta skal fullnustu refsingarinnar og skal hún falla niður að tveimur árum liðum frá uppsögu dómsins að telja haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærða, Kristófer Fannari Axelssyni, er ekki gerð refsing í málinu.

Ákærði, Kristján Shackelford, skal sviptur ökurétti í 18 mánuði frá og með birtingu dóms þessa að telja.

Þóknun skipaðs verjanda ákærða X, Magnúsar Davíðs Norðdahl héraðsdómslögmanns greiðist úr ríkissjóði. Þykir þóknunin hæfilega ákveðin 832.660 krónur að virðisaukaskatti meðtöldum.

Þóknun skipaðs verjanda ákærða Kristjáns Shackelford, Úlfars Guðmundssonar héraðsdómslögmanns þykir hæfilega ákveðin 1.043.460 krónur að virðisaukaskatti meðtöldum. Ákærði greiði þóknun skipaðs verjanda síns að 1/3 hluta, en 2/3 hlutar greiðast úr ríkissjóði. Þá greiði ákærði Kristján Shackelford 223.201 krónu í annan sakarkostnað.

Ákærði, Kristófer Fannar Axelsson, greiði þóknun skipaðs verjanda síns, Ómars R. Valdimarssonar héraðsdómslögmanns. Þykir þóknunin hæfilega ákveðin 832.660 krónur að virðisaukaskatti meðtöldum.

Kröfum brotaþola, A, á hendur Kristjáni Shackelford og X er vísað frá dómi.

Ákærði, Kristófer Fannar Axelsson, greiði brotaþola A 150.000 krónur með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 26. apríl 2015 til 17. maí 2017, en dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga sömu laga frá þeim degi til greiðsludags og 200.000 krónur í málskostnað.

Jón Höskuldsson